

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2022  
Málsnúmer: 202207-0028  
LA/SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu uppbyggingar á skíðasvæðinu í Skálafelli.

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 13. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins á uppbyggingu og endurgerð skíðasvæðisins í Skálafelli sé matsskyld skv. 20. gr. laga nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Ítarleg framkvæmdalýsing er í tilkynningunni og umfjöllun um áætluð umhverfisáhrif er sömuleiðis greinargóð.

Framkvæmdirnar sem hér er fjallað um fella í sér að skipta út núverandi stólalyftu fyrir nýja fjögurra sæta stólalyftu sem nær frá bílastæði fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar að sömu endastöð og núverandi stólalyfta hefur. Þá stendur til að setja upp snjóframleiðslu á svæðinu, byggja þjónustumiðstöð, laga og stækka bílastæði, styrkja veg frá Þingvallavegi að bílastæði, fjarlægja úrelta diskalyftu og koma upp snjógirðingum og lýsingu í skíðabrekkum.

Land á svæðinu er nú þegar töluvert raskað og mótað að starfseminni með skíðalyftum, skíðabrekkum og byggingum sem þar eru. Framkvæmdasvæðið er ekki innan verndarsvæða. Norðan við skipulagssvæðið er svæði á náttúruminjasrá og í nokkurri fjarlægð sunnan til er vatnsverndarsvæði (sjá mynd 6-3). Votlendi sem fellur undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er einnig nálægt framkvæmdasvæðinu en verður líklega ekki fyrir áhrifum af framkvæmdinni samkvæmt tilkynningunni.

Engar merkar jarðminjar finnast á svæðinu en ásýndaráhrif munu verða á nálægt landslag sem er svipmikið og merkilegt s.s. Móskaðshnúkar – Esja, Tröllafoss o.fl. Nýja stólalyftan verður hærri og með stærri möstur en sú sem er í dag þannig að ásýndaráhrif verða meiri en þau eru í dag. Ásýndaráhrif af nýrri þjónustumiðstöð og bílastæðum er líkleg til að vera minniháttar vegna þeirra mannvirkja sem fyrir eru.

Við snjóframleiðsluna verður myndað vatnsforðalón með stíflu í vatnsfalli á svæðinu. Staðsetning þess er ekki að fullu ákveðin, tveir valkostir eru til skoðunar (svæði E2 og E3). Einnig er stefnt að því að hafa dælubrunn (á svæði E1) þaðan sem verður lögð niðurgrafín þrýstilöggun upp í lónið sem er ofar á svæðinu. Lagnaleiðir eru neðanjarðar frá söfnunarlóni upp eftir hlíðunum að þeim stöðum sem snjór verður framleiddur með náttúrulegri frýstingu. Engin meðferð verður á vatninu og engin íblöndunarefni notuð og er þa jákvætt. Stíflan mun hafa áhrif á ásýnd svæðisins til að byrja með en mun hún falla inn í landið þegar líður frá framkvæmd og gróður vex við stífluna. Lítið mun fara fyrir dælubrunni (E1) sem byggður verður á suðurhluta



svæðisins. Lagnir úr dælubrunni að vatnslóni og upp í skíðabrekkur verða niðurgrafnar og breyta því ekki ásýnd svæðisins. Einhver röskun verður á vistgerðum með hátt verndargildi. Þá er óvíst hvort stíflun lækja og notkun dælubrunnar muni hafa áhrif á vatnsstöðu í votlendi í nágrenninu, það verður þó að teljast ólíklegt.

Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir allt óþarfa rask vegna framkvæmdarinnar en í ljósi eðli hennar og ástands svæðisins í dag telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

